

## Stjórnarfundur hjá Félagi skógareigenda á Suðurlandi, haldinn 15.5. 2018

### að Víðihvammi 10, Kópavogi kl. 11

Mættir voru María E. Ingvadóttir formaður, Bjarnheiður Guðmundsdóttir, Hannes Lentz, Októ Einarsson, Sigurður Sigurkarlsson og Sigríður Hjartar.

1. Stjórnin undirritaði formlega aðalfundargerð og þær breytingar á lögum félagsins sem gerðar voru á síðasta aðalfundi.  
Nýr stjórnarmaður, Októ Einarsson, var boðinn velkominn til starfa og verkaskipting stjórnar ákveðin óbreytt, Sigríður Hjartar ritari og Bjarnheiður Guðmundsdóttir gjaldkeri.
2. Blað skógarbænda, Við skógareigendur, stendur á nokkrum tímamótum. Vestfirðingar, undir styrki stjórn Lilju Magnúsdóttur, hafa séð um ritstjórn þess undanfarið. Erfitt hefur verið um öflun auglýsinga og prentun og dreifing eru kostnaðarsöm, en því hefur verið dreift á öll sveitaheimili landsins.  
Ýmsar hugmyndir voru ræddar um útgáfu blaðsins, m.a. að það komi út sem kálfur við Bændablaðið einu sinni á ári, en hingað til hefur Bændablaðið birt góðfúslega allar greinar frá Félagi skógareigenda. Eins var velt upp öðrum möguleikum á útgáfu blaðsins, en ekki var komist að niðurstöðu um besta kostinn.
3. Aðalfundur LSE verður nú í umsjón Félags skógareigenda á Suðurlandi. Hann verður haldinn á Hótel Stracta á Hellu dagana 5.-7. október. Miklar umræður urðu um ýmis framkvæmdaatriði, svo sem val á fundarstjóra, ritara og hans aðstoðarfólki. Eins var velt upp ýmsum nöfnum vegna vals á fyrirlesurum, skoðunarferð og sitthvað fleira. Félagar á Suðurlandi eru hvattir til að fjölmenna á aðalfundinn.
4. Jólamarkaður hefur áður verið ræddur innan stjórnar FsS. Engar undirtektir hafa heyrst hjá félögum, en sýnt þykir að það þyrfti að vera í tengslum við aðra jólamarkaði á starfssvæði FsS. Vonast er til að félagar láti í sé heyra.
5. Jónsmessan. Fyrirhuguð og árviss Jónsmessuganga verður að Heylæk í Fljótshlíð sunnudagskvöldið 24. júní, sjálfan Jónsmessudaginn. Vonast er eftir góðri þátttöku félagsmanna og ítrekun send út þegar nær dregur.
6. Kolefnismálin eru mikið hagsmunamál skógarbænda og hafa verið til umræðu innan félaga þeirra í mörg ár. Starfandi er kolefnisnefnd innan LSE og mikilvægt að hún láti meira til sín taka. Áhugi ríkisvaldsins á þeim málum virðist vera mjög takmarkaður og verðmætamat vantar. Brýnt er að taka fastar á málum.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 13.15.

Sigríður Hjartar fundarritari.